

Þórarinn Leifsson

Hrekklaus fer á netið



Hrekklaus fer á netið

Reykjavíkurborg og
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
styrktu útgáfu bókarinnar.

Hrekklaus fer á netið

© Þórarinn Leifsson 2010

SAFT, Heimili og skóli
Reykjavík 2010

Öll réttindi áskilin.

Texti og myndir: Þórarinn Leifsson / www.totil.com
Myndir byggðar á persónum SAFT
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf

Í undirbúningshópi um gerð bókarinnar sátu, ásamt starfsfólki
SAFT og Heimilis og skóla: Aldís Yngvadóttir, Námsgagnastofnun; Fjóra
Þorvaldsdóttir, sérkennslustjóri á Furugrund, Kópavogi; Guðríður Skagfjörð,
Námsgagnastofnun; Jenný Ingudóttir, Lýðheilsustöð; Björg Vigfúsína
Kjartansdóttir, umsjónarkennari, Ísaksskóla; Helga Huld Sigurðardóttir,
grunnskólakennari, Áslandsskóla og Elísabet Benónýsdóttir, kennsluráðgjafi
í tölvu- og upplýsingatækni, Hofstaðaskóla.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-9984-0-2



Það var laugardagur og glatt á hjalla heima hjá Hrekklausri.

Hrekklaus var að borða morgunmat með pabba sínum. Mamma var í útlöndum.

– Í dag færð þú að fara á netið, sagði pabbi hátíðlega. En ég verð auðvitað með þér. Litlar stelpur eiga ekki að þvælast einar á netinu.

– En hvað þá með litla stráka?
Mega þeir það?
– Auðvitað ekki, flissaði pabbi.



Af hverju vill pabbi vera með á netinu?

Hrekklaus opnaði tölvuna og smellti á mynd af ref að hringa sig í kringum hnött. Við það opnaðist vafri. Nú gat hún skoðað netið.

– Ég er ofurkönnuður! sönglaði Hrekklaus. Ég kann og kann. Eins og rjómakanna!

– Á netinu er hægt að gera ansi margt, sagði pabbi spekingslega. Finna skólann sinn og senda kennaranum tölvupóst ef maður er veikur.

Svo er hægt að skoða tunglið, sólina og öll lönd í heiminum.

Hvað er hægt að gera fleira á netinu?





– Hvernig kemst ég til Afríku? spurði Hrekklaus og hoppaði upp og niður af æsingi.

– Með flugvél, hló pabbi. Ertu að meina á netinu kannski?

Hrekklaus kinkaði ákaft kolli.

– Ég skal hjálpa þér, sagði pabbi.

Pabbi fann síðu um Afríku á netinu.

Svo fann hann barn í Afríku. Barnið sat við borð og var að læra. Það virtist sitja úti en samt var þak yfir því.

Var barnið inni eða úti?

Hvort heldur þú að Afríka sé land eða heimsálfa með mörgum löndum?

– Pabbi sjáðu! kallaði Hrekklaus. Barnið situr undir grasinu!

Pabbi hló hátt. Þegar hann hætti að hlæja sagði hann:

– Þetta er ekki gras. Þetta eru pálmar. Í Afríku er mjög heitt og lítill vindur. Þessi skóli þarf enga veggi.

Barnið var að teikna mynd af ísbirni.

Hvers vegna heldur þú að barnið í Afríku sé að teikna ísbjörn?



Þar sem engir ísbirnir eru til í Afríku líktist myndin miklu frekar íslenskri sauðkind.

– Þetta er kind! hló Hrekklaus sem vissi ekki betur. Pabbi! Eru ekki til síður með kindum sem við getum skoðað?

– Það held ég nú, sagði pabbi og fann síðu með fullt af skemmtilegum dýrum.

Þau skoðuðu fullt af heimasíðum. Margar voru á ensku þannig að Hrekklaus skildi ekki allt. Það gerði pabbi aftur á móti. Þau fóru á síður þar sem börn gátu fræðst um allt milli himins og jarðar.

Hvaða orð kannt þú á ensku?



Hrekklaus lærði að reikna smá.
Og hún lærði sitthvað um stjörnur á
himninum.

Nú var komið kvöld.
– Pabbi ég er svo þreytt, emjaði
Hrekklaus.

Við erum búin að heyra hvernig hvalir
tala saman, skoða fugla, tala við krakka,
læra að skrifa og reikna. Núna er ég orðin
svo þreytt að ég gæti sofið í hundrað ár!

**Hvers vegna er Hrekklaus
svona þreytt?**



- En fannst þér ekki gaman?
- Ó jú!
- Netráp er skemmtilegt og fróðlegt, sagði pabbi. En maður verður að hvíla sig endrum og eins. Standa upp frá tölvunni og teygja tærnar upp í loftið!

Hvers vegna er ekki gott fyrir Hrekklausu að vera svona lengi í tölvunni?



Heilræði fyrir foreldra

1. Uppgötvaðu netið með barninu þínu.
2. Gerðu samkomulag við barnið um netnotkun.
3. Hvettu barnið til að vera gætið þegar það veitir persónulegar upplýsingar.
4. Ræddu um þá áhættu sem fylgir því að hitta netvin.
5. Kenndu barninu að skoða efni á netinu með gagnrýnum hætti.
6. Barnið kann að rekast á netefni ætlað fullorðnum.
7. Komdu upplýsingum um ólöglegt/skaðlegt efni til réttra aðila.
8. Hvettu til góðra netsiða.
9. Kynntu þér netnotkun barnsins þíns.
10. Kenndu barninu þínu að nota netið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Sjá www.saft.is.

Einn góðan veðurdag fær Hrekklaus
að fara á netið með þabba sínum.
Hún uppgötvar ótrúlegan töfraheim
og jafnframt hvað það getur verið
gaman að læra.



Heimili og skóli
Landsamtök foreldra



Reykjavíkurborg

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÉ



ISBN 978-9979-9984-0-2



9 789979 998402



SAMFÉLAG, FJÓLSKYLDA OG TÆKNI | WWW.SAFT.IS